

banka Íslands 5.000 krónur ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum frá 25. maí 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 6.000 krónur.

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 7/1985. **Þorgrímur Jónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Björgun hf.

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. janúar 1985 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykavíkur 13. júní 1984 lofaði áfrýjandi að greiða stefnda 5.809,00 krónur með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1982 til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 9.000,00 krónur í málskostnað, allt fyrir 1. ágúst 1984.

Áfrýjandi greiddi skuldina ekki og 15. ágúst 1984 fór stefndi þess á leit við yfirborgarféðgetann í Reykjavík að gert yrði fjárnám í eignum áfrýjanda til tryggingar greiðslu skuldarinnar ásamt vöxtum og kostnaði. Ólafur Sigurgeirsson fulltrúi yfirborgarféðgetans í Reykjavík tók beiðni þessa fyrir í féðgetarétti Reykjavíkur sem háður var að Vorsabæ 4 hér í borg 16. ágúst 1984. Féðgeti lagði fram nr. 1, gerðarbeiðni og nr. 2, sátt í bæjarþingsmálinu nr. 6612/1983. Lögmaður stefnda sótti þing og krafðist fjárnáms fyrir skuldinni ásamt vöxtum og kostnaði. Síðan var bókað: „Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan féðgeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti féðgeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R-18606, sem er Chevrolet Nova 1978.

Féðgeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið ...“

Er þessari fjárnámsgerð áfrýjað.

Krafa áfrýjanda um að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi er byggð á því að áfrýjandi hafi átt lögheimili og búið að Hólavallagötu 7 hér í borg, þegar fjárnámsgerðin fór fram. Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. aðfararlaga nr. 19/1887 hafi gerðin átt að hefjast á heimili áfrýjanda. Þar sem það var ekki gert sé gerðin haldin slíkum annmarka að fella beri hana út gildi.

Stefndi byggir kröfur sína um staðfestingu fjárnámsgerðarinnar á því að ákvæði 33. gr. laga nr. 19/1887 verði ekki skýrð á þann veg að þau leggi þá skyldu á féðgeta að ganga endanlega úr skugga um skráð heimilisfang gerðarþola. Sýni og ákvæði síðari hluta 2. mgr. 33. gr. að féðgeti sé ekki undantekningarlaust skyldugur til að byrja gerðina á heimili gerðarþola. Svigrúm það sem ákvæði þetta veiti féðgeta nái til atvika máls þessa en óvéfengt sé að áfrýjandi hafi verið eigandi bifreiðar þeirrar sem fjárnám var gert í þegar það fór fram og hann búið í umdæmi féðgeta.

Í málinu er fram komið vottorð Hagstofu Íslands dagsett 22. nóvember 1984 þar sem fram kemur að aðsetur áfrýjanda hafi verið að Hólavallagötu 7 hér í borg frá 1. apríl 1984.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1887 skal aðför að jafnaði

hefja að heimili gerðarpóla nema fógeta þyki eftir atvikum vera ástæða til að bregða út af því. Er ekkert komið fram um að hér hafi verið ástæða til að bregða út af þessu og ekkert um það bókað við gerðina. Þykir gerðin því vera haldin slíkum annmarka að fella beri hana úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti 18.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Björgun hf., greiði áfrýjanda, Þorgrími Jónssyni, 18.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 16. ágúst 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 16. ágúst var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Vorsabæ 4 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-5673/1985: Björgun hf. gegn Þorgrími Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, sátt bæjarþings Rvíkur í málinu nr. 6612/1983.

Nr. 1 fylgir með í ljósriti.

Nr. 2 fylgir með í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gísli Baldur Garðarsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 5.080,00 með 45% ársv. frá 1/7 1982 til 21/9 1983, með 37% ársv. frá þ.d. til 21/10 1983, 36% ársv. frá þ.d. til 21/11 1983, 32% ársv. frá þ.d. til 21/12 1983, 25% ársv. frá þ.d. til 21/1 1984 og 19% ársv. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 9.000,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ kr. 717,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarpóla, bifreiðinni R-18606, sem er Chevrolet Nova 1978.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarpóla frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.